

Ökuhraði í bænum ákvarðast af almennum ákvæðum umferðarlaga. Hámarkshraði á Norðurströnd og Suðurströnd skal þó vera 60 km á klst.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. janúar 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík.

Ráðuneytið hefur staðfest hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík fyrir árið 1979. Mun leigan nema kr. 2.000— pr. tunnu og gildir fyrir árið 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 17. janúar 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971 um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.130% (0.130 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar. Þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði:	Minnst	44.38 kr/m ³	en	mest	57.70 kr á m ³
Vörugeymslur:	—	33.40 —	—	—	66.80 — — —
Aðrar byggingar:	—	44.38 —	—	—	66.80 — — —

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 6.030 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera kr. 34.20 á hvern rúmmeter vatns.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 35 21. janúar 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar
nr. 231 31. maí 1978.

1. gr.

4. töluliður C liðar 38. greinar orðist svo:

Þrjá menn í heilbrigðisnefnd, þar af einn innan bæjarstjórnar, og jafn marga til vara kosna á sama hátt. Héraðslæknir og héraðsdýralæknir eiga rétt til setu á fundum samkvæmt lögum með málfrelsi og tillögurétti.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. janúar 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélag Gljúfurár.

1. Félagið heitir Veidifélag Gljúfurár.
Heimili þess og varnarþing er að Hnjúki.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Gljúfurá og vatnasvæði hennar. En þær eru: Miðhóp, Þingeyrasel ásamt hluta af Viðidalsfjalli og Kornárselslandi, Hólabak, Uppsali, Breiðabólsstaður I og II, Hnjúkur, Helgavatn, Flaga Gilsstaðir, Kornsa I og II, landið Fremrihlíð, eigendur upprekstrarfélags Ás og Sveisstaðahrepps að hálfu móti bræðrunum Jóni Hannessyni Nautabúi og Bjarna Hannessyni Undirfelli.
3. Verkefni félagsins er, að gera ána fiskgenga, viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, ásamt ræktun árinna, og að leigja hana til stangaveiði.
Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig,